



Hafnarfjörður, 12. mars 2013

Fræðsluráð Hafnarfjarðar
Magnús Baldursson, fræðslustjóri
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður

Erindi: Foreldraráð Hafnarfjarðar óskar eftir að fulltrúar foreldra úr öllum grunnskólum Hafnarfjarðar (Áslandsskóli, Barnaskóli Hjallastefnunnar, Hraunvallaskóli, Hvaleyraskóli, Lækjarskóli, Setbergsskóli, Víðistaðaskóli og Öldutúnsskóli) sitji vinnufund um námsárangur barna í vor.

Í vor er fyrirhugað að halda vinnufund með pólitískum fulltrúum í fræðsluráði, starfsfólki Skólaskrifstofu, skólastjórnendum og deildarstjórum/umsjónarkennurum, um námsárangur barna. Foreldraráð Hafnarfjarðar lýsir ánægju sinni með vinnufund af þessu tagi um jafnmikilvægt málefni og námsárangur barna er. Jafnframt furðar Foreldraráð sig að sama skapi á því að eiga ekki fulltrúa í vinnuhópnum þar sem foreldrar eru stærsta breytan í námsárangri barna sinna. Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og skapa því eins góðar ástæður til náms og þroska og hægt er sem og að þau séu eins móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn býður upp á. Menntun barna er því sameiginlegt verkefni foreldra og skóla. Í lögum um grunnskóla og í Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á að styrkja tengsl foreldra við grunnskólann.

Það er skoðun Foreldraráðs Hafnarfjarðar að foreldrar eigi að vera með í vinnuferlinu strax í upphafi, en ekki koma að því þegar búið er að forvinna málefnið. Skólasamfélagið samanstendur ekki bara af fræðslufirvöldum, skólastjórnendum og kennurum heldur líka af foreldrum.

Námsárangur barna er foreldrum jafn hugleikinn og öðrum í skólasamfélaginu og ef einn fulltrúi foreldra úr hverjum grunnskóla Hafnarfjarðar sæti vinnufundinn ásamt pólitískum fulltrúum í fræðsluráði, starfsfólki Skólaskrifstofu, skólastjórnendum og deildarstjórum/umsjónarkennurum, væri augljóslega búið að tryggja að allt skólasamfélag bæjarfélagsins kæmi jafnt að þessu mikilvæga málefni skólasamfélagsins og sveitarfélagsins.

f.h. Foreldraráðs Hafnarfjarðar

Jóhanna Sveinbjörg B. Traustadóttir